



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Hér að neðan eru raktar þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagsgögnum m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar dagsett 18. október 2021

Val á veglínunum fyrir framkvæmdir við Vestfjarðaveg

Inn í kafla 7.1.1 um stofnvegi var settur inn rökstuðningur fyrir leiðarvali. Með leiðarvalinu sem fram kemur í greinargerð er tekið undir framkomnar umsagnir Umhverfisstofnunar, Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands við umhverfismatið og álit Skipulagsstofnunar.

Verslun og þjónusta

Inn í kafla 5.7 voru settar inn upplýsingar um fjölda núverandi gistirýma á viðeigandi stað í skilmálatöflu.

Gögn sem þarf að yfirfara og lagfæra

Búið er að lagfæra dagsetningu en öll skipulagsgögn eru dagsett í september 2021 sem miðast við samþykkt bæjarstjórnar.

Bætt hefur verið við landnóktunarnúmeri á landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði og sett inn skilmálatafla í viðeigandi kafla.

Bætt hefur verið við mælikvarða og norðupílu á þéttbýlisupprátt fyrir Bíldudal.

Bréfaskriftir og fylgiskjöl voru einungis fylgiskjöl með erindi Vesturbyggðar þar sem óskað var eftir afgreiðslu.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana og lög um breytingu á jarðalögum

Í skipulagsgögnum hafa verið gerðar lagfæringar á tilvísun á viðeigandi stöðum.

Önnur atriði

Bætt hefur verið við nýjustu breytingum á gildandi aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Leiðrétt hefur verið tilvísun á bls 13 og 16.

Á blaðsíðu 26 og 44-46 hefur litur á letri um stærð landnotkunarreita verið breytt úr rauðu í svart.

Texti á blaðsíðu 33 um Dýrafjarðargöng hefur verið leiðréttur.

Í kafla 5.9 um efnistökusvæði hefur tafla verið leiðrétt m.t.t. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. C-flokkur er tekin út og búið er að bæta við flokkun efnistökusvæða þar sem við á.

Á blaðsíðu 83 hefur kort verið lagfært.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Samantekt á breytingum sem gerðar voru á skiplagsgögnum eftir auglýsingu:

Í kafla 4.2.1 bættist við eftirfarandi texti í almenn ákvæði.

- Dregið verði úr umferðarhraða og áherlsa lögð á bætt umferðaröryggi við Birkimel.
- Fækka tengingum við þjóðveg, bæta aðkomu að sundlaug og bættar tengingar innan Birkimels á milli félagsheimilis og íbúðabyggðar.

Í kafla 7.1. bættist við í almenn ákvæði eftirfarandi texti.

- Hugað verði að umferðaröryggi við fjölfarna staði í dreifbýli. Horft verði sérstaklega til staða eins og Birkimels, Brjánslækjar, Rauðsdals og Flókalundar þar sem umferð gangandi fólks er mikil yfir þjóðveginn.

Í kafla 7.1.11 umhitaveitu var eftirfarandi texta bætt við. „Sveitarfélagið stefnir á breytta nálgun að hitaveitumálum á Krossholtum. Sótt hefur verið um nýtingarleyfi til Orkustofnunar“

Uppdráttur um vegi í náttúru Íslands var lagfærður en færður var inn slóði sem vantaði inn á uppdrátt eftir ábendingu frá umhverfisnefnd 4x4.